

**Mál nr 5.
Breiðablik
gegn
HK/Ýmir**

**Kæra Breiðabliks
Dómskröfur**

Að HK tapi leiknum 3-0.

Málavextir

Leikmaður númer 6. Atli Valsson kt. 170689-2679 var dæmdur í leikbann af aganefnd 02.08.2005. Leikmaðurinn hefur en ekki tekið út leikbannið.

Lagarök

Starfsreglur Aganefndar KSÍ

VI Skyldur aðildarféлага 23. grein

1. Félagi sem tekur þátt í mótí á vegum KSÍ ber að sjá til þess að leikmenn, dómarrar, þjálfarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög og reglur KSÍ.

Röksemdir

Þegar leikurinn sem um ræðir fór fram hafði leikmaðurinn sem um ræðir ekki tekið út bannið sem hann var dæmdur í af aganefnd. Lítum við svo á að félagið hafi ekki séð til þess að leikmaðurinn virti lög og reglur KSÍ. Þar af leiðandi hefði leikmaðurinn átt að taka leikbannið út í þessum leik.

Sönnungargögn

Fyrir liggur leikskýrsla undirrituð af dómara leiksins. Þar sem fram kemur að leikmaðurinn spilaði allan leikinn.

Virðingarfyllst,
Svavar Jósefsson

Greinargerð HK

Málavextir í kæru Breiðabliks eru á þá leið að Atli Valsson, leikmaður númer 6 hjá HK/Ými í umræddum leik, hafi verið dæmdur í leikbann af aganefnd 02.08.2005 en hefði ekki tekið út leikbannið.

Atli Valsson var leikmaður í 3. flokki karla hjá HK 2005. Hann var dæmdur í leikbann vegna fjögurra gulra spjalda, eins og fram kemur á útprentun af úrskurði aganefndar KSÍ 02.08.2005, sem fylgdi kæru Breiðabliks. Atli tók viðkomandi leikbann út í leiknum HK – Grindavík í 3. flokki karla, B-deild, þann 10.08.2005, eins og sjá má á leikskýrslu úr þeim leik.

Af þeim sökum fer HK fram á að kæru Breiðabliks verði vísað frá.

Hvað hlutgengi Atla Valssonar í leiknum Breiðablik – HK/Ýmir varðar vill HK benda á eftirfarandi:

Atli var úrskurðaður í leikbann af aganefnd KSÍ þann 30.08.2005 vegna sex gulra spjalda og átti að vera í leikbanni í leiknum HK/Ýmir – Víkingur R. í B-deild 2. flokks karla þann 23. maí 2006. Vegna mistaka HK lék Atli þann leik.

Víkingur hafði frest til 30. maí til að leggja fram kæru. Þegar leikur Breiðabliks og HK/Ýmis fór fram þann 27. maí var sá kærufrestur ekki útrunninn og af hálfu HK lá ekki annað fyrir en að leikurinn gegn Víkingi myndi dæmast félaginu tapaður. Það kom síðan í ljós að morgni 31. maí að engin kæra hafði borist frá Víkingi vegna umrædds leiks.

Atli var úrskurðaður í eins leiks bann sem hann óumdeilanlega átti að taka út í leiknum gegn Víkingi. Af hálfu HK var því engin ástæða til að láta Atla ekki spila leikinn gegn Breiðabliki. HK telur þar af leiðandi að engar forsendur væru fyrir kæru Breiðabliks þó hún hefði beinst að réttu leikbanni Atla Valssonar.

F.h. knattspyrnudeildar HK
Birgir Bjarnason
Framkv.stj HK

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, þriðjudagur 20. júní, er dómþing dómstóls KSÍ háður á skrifstofu HK í Fagralundi Kópavogi af Ásbirni Jónssyni dómara.

Fyrir er tekið;
Málið nr. 5 / 2006
Breiðablik, knattspyrnudeild.
Gegn
HK/ Ýmir

Skjöl málsins nr. 1-4, liggja frammi.

Af hálfu sóknaraðila sækir þing Einar Ingvason.

Af hálfu varnaraðila sækir þing Sigvaldi Einarsson .

Forsvarsmaður sóknaraðila leggur engin ný gögn fram

Forsvarsmaður varnaraðila leggur fram :

Nr. 5. Leikskýrsla úr leik HK gegn Grindavík frá 10. ágúst 2005.

Engin frekari gögn eru lögð fram.

Forsvarsmenn aðila lýsa gagnaöflun lokið.

Munnlegur málflytningur fer nú fram.

Fyrst tekur til máls forsvarsmaður sóknaraðila Einar Ingvarsson. Hann gerir sömu kröfur og í kæru á dskj. 1. Forsvarsmaðurinn rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök sóknaraðila, ítrekar gerðar kröfur og leggur málið í úrskurð með venjulegum fyrirvara.

Þá tekur til máls forsvarsmaður varnaraðila Sigvaldi Einarsson . Hann gerir sömu kröfur og í greingerð á dskj. 4. Forsvarsmaðurinn rekur málavexti, reifar málsástæður og lagarök sóknaraðila, ítrekar gerðar kröfur, mótmælir nýrri málsástæðu sóknaraðila og leggur málið í úrskurð með venjulegum fyrirvara.

Þá veitir andsvör forsvarsmaður sóknaraðila

Þá veitir andsvör forsvarsmaður varnaraðila.

Málflytjendur leggja málið í dóm.

Málið er dómtekið.

Upplesið, staðfest rétt bókað.
Dómþingi slitið

DÓMUR:

I.

Ár 2006, fimmtudaginn 22. júní, er dómþing dómstóls KSÍ, á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli, Reykjavík, af Ásbirni Jónssyni dómara kveðinn upp dómur í málinu nr. 5/2006: Breiðarblik,

knattspyrnudeild gegn HK/ Ýmir , í Íslandsmóttinu í 2. flokki karla A-lið, B riðli, sem dómtekið var 20. júní síðastliðinn að lokinni aðalmeðferð málsins.

Málið höfðaði Breiðablik, knattspyrnudeild með kæru dags. 31. maí 2006 á hendur HK/ Ými

Kærandi kærir leik liðanna í Íslandsmóti karla 2. flokki A-lið, B riðli sem fram fór þann 27.5.2006 kl. 16:00 á Fífunni og lauk með sigri HK/Ýmis með 3 mörkum gegn 0 mörkum Breiðabliks

Dómkröfur kæranda.

Þess er krafist að úrslit leiksins verði ógild og að kæranda verði dæmdur sigur í leiknum 0-3.

Dómkröfur kærða:

HK/ Ýmir kerfst sýknu af kröfum kæranda og þar með að úrslit leiksins verði látin standa.

II.

Kærandi byggir málatilbúnað sinn m.a. á eftirfarandi:

“Málsatvik eru þau að á fundi aganefndar KSÍ þann 2.8.2005 var leikmaður HK, Atli Valsson kt: 170689-2679 dæmdur í leikbann vegna fjögurra gulra spjalda. Í leik Breiðabliks og HK/ Ýmis sem fram fór 27. maí s.l.kl: 16,00, var umræddur leikmaður Atli Valsson skráður á leikskýrslu sem leikmaður og var því í tengslum við liðið meðan á leik fór fram ”.

Kæran byggir á því að HK/ Ýmir hafi verið með ólöglega skipað lið skv reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 4.3.1.

Málsrök kæranda eru þau að í grein 4.3.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót sé skýrð eftir orðanna hljóðan. Í greininni er skýrlega tekið fram að ef lið notar leikmann, þjálfara eða forsvarsmann sem er í leikbanni, þá teljist liðið hafa tapað leiknum. Engin rök eru fyrir því að skýra þessa grein rúmt enda verða knattspyrnulið sem taka þátt í mótum á vegum KSÍ að treysta því að það sé farið eftir þeim reglum sem KSÍ setur.

Við aðalmeðferð málsins kom fram ný málsástæða þar sem kærandi krafðist þess að tekið yrði á því að Atli Valsson hefði verið úrskurðaður í annað bann af aganefndinni þann 30. ágúst 2005 og hefði ekki tekið út verið ólöglegur í leik gegn Víkingi R þann 23. maí 2006. Þar sem hann tók ekki út bannið í þeim leik þá væri hann ólöglegur í hinum kærða leik.

III.

Kærði byggir málatilbúnað sinn á eftirfarandi:

“Málavextir í kæru Breiðabliks eru á þá leið að Atli Valsson, leikmaður númer 6 hjá HK/Ými í umræddum leik, hafi verið dæmdur í leikbann af aganefnd 02.08.2005 en hefði ekki tekið út leikbannið.

Atli Valsson var leikmaður í 3. flokki karla hjá HK 2005. Hann var dæmdur í leikbann vegna fjögurra gulra spjalda, eins og fram kemur á útprentun af úrskurði aganefndar KSÍ 02.08.2005, sem fylgdi kæru Breiðabliks. Atli tók viðkomandi leikbann út í leiknum HK – Grindavík í 3. flokki karla, B-deild, þann 10.08.2005, eins og sjá má á leikskýrslu úr þeim leik.

Hvað hlutgengi Atla Valssonar í leiknum Breiðablik – HK/Ýmir varðar vill HK benda á eftirfarandi:

Atli var úrskurðaður í leikbann af aganefnd KSÍ þann 30.08.2005 vegna sex gulra spjalda og átti að vera í leikbanni í leiknum HK/Ýmir – Víkingur R. í B-deild 2. flokks karla þann 23. maí 2006. Vegna mistaka HK lék Atli þann leik.

Víkingur hafði frest til 30. maí til að leggja fram kæru. Þegar leikur Breiðabliks og HK/Ýmis fór fram þann 27. maí var sá kærufrestur ekki útrunninn og af hálfu HK lá ekki annað fyrir en að leikurinn gegn Víkingi myndi dæmast félaginu tapaður. Það kom síðan í ljós að morgni 31. maí að engin kæra hafði borist frá Víkingi vegna umrædds leiks.

Atli var úrskurðaður í eins leiks bann sem hann óumdeilanlega átti að taka út í leiknum gegn Víkingi. Af hálfu HK var því engin ástæða til að láta Atla ekki spila leikinn gegn Breiðabliki. HK telur þar af leiðandi að engar forsendur væru fyrir kærðu Breiðabliks þó hún hefði beinst að réttu leikbanni Atla Valssonar.”

IV.

Álit dómsins.

Það er óumdeilt í málinu að Atli Valsson var úrskurðaður af aganefnd í leikbann þann 2. ágúst 2005. Það er jafnframt óumdeilt að Atli Valsson tók út bannið í leik HK gegn Grindavík þann 10. ágúst 2005. Samkvæmt kærðu kæranda dómskjali nr. 1 þá kærir hann leikbann frá 2. ágúst 2005 en ekki það leikbann sem umræddur leikmaður fékk þann 30. ágúst 2005. Við aðalmeðferð málsins fór kærandi fram á að ný málsástæða kæmist að um að kæra hans ætti við um leikbannið er leikmaðurinn fékk þann 30. ágúst 2005. Kærði mótmælti því að kærandi mætti koma að þessari málsástæðu þar sem hún væri of seint fram komin.

Dómurinn telur sig bundinn við gögn málsins og þar á meðal kærðu kæranda. Í kærinni kemur fram lýsing á málavöxtum á þann hátt að sóknaraðili kærir á grundvelli þess að leikmaður nr. 6 Atli Valsson kt. 170689-2679 væri dæmdur í leikbann af aganefnd 2. ágúst 2005 og að leikmaður hafi ekki tekið út leikbannið. Samkvæmt leikskýrslu frá 10. ágúst 2005 í leik HK gegn Grindavík þá liggur fyrir að hann tók út ofangreint leikbann.

Í 5. mgr. 101 gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 kemur fram að málsástæður og mótmæli skulu koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Að öðrum kosti má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki. Nýjar málsástæður sem ekki koma fram í kærðu þrátt fyrir að tilefni gæfi til að svo væri en koma fram síðar og við aðalmeðferð málsins og þeim mótmælt af varnaraðila, komast því ekki að í máli þessu.

Dómurinn telur sannað að fyrrnefndur leikmaður hafi tekið út leikbannið sem kært er í leiknum HK gegn Grindavík þann 10. ágúst 2005.

Það er rétt að sýkna kærðu af kröfum kæranda.

Dómsorð:

Kærði, HK/ Ýmir , skal vera sýkn að kröfum kæranda Breiðabliks, knattspyrnudeildar.

Þannig fram farið
Reykjavík 22. júní 2006
f.h. Dómstóls KSÍ
Ásbjörn Jónsson (sign)